

## Ágrip

Lögð er fram ný vefstefna fyrir Kópavogsbæ til samþykktar í bæjarráði. Síðasta vefstefna var samþykkt árið 2017 og var að hluta til verklagslýsing fyrir þáverandi Upplýsingatæknideild, sniðin að Moya veflausninni sem þá var nýlega tekin í notkun.

Í kjölfar þarfagreiningar sem ráðgjafarfyrtækið Mennsk vann fyrir Kópavogsbæ haustið 2025, var tekin ákvörðun af skrifstofu umbóta og þróunar að móta nýja og almennari stefnu. Markmiðið er að setja fram stefnumótandi ramma um vefmál bæjarins sem tekur mið af breyttum þörfum notenda, tækniframförum og aukinni áherslu á stafræna þjónustu án þess að við sníðum okkur of þröngan stakk.

Nýja vefstefnan fjallar um helstu stefnumótandi þætti vefmála, svo sem notendamiðaða aðlögun, aðgengi, öryggi og hlutverk vefsins í þjónustu við íbúa. Hún vísar jafnframt í hönnunarkerfi bæjarins hvað varðar útlit og í sérstaka verklagslýsingu sem verður unnin samhliða innleiðingu nýs vefumsjónarkerfis.